

Stjórn FG

Tillaga að ályktun

Ályktun:

Þriðji aðalfundur Félags grunnskólakennara fagnar því að ráðamenn þjóðarinnar skuli í hátíðarræðum sínum við áramót ræða um mikilvægi skólasamfélagsins fyrir uppeldi og þroska barna í landinu. Og hversu brýnt er að hlúa að skólastarfi í landinu og skapa sátt um það starf og sýna það í verki. Að þjóðarsátt verði að ríkja og að allir leggji sitt af mörkum.

Jafnframt lýsir fundurinn yfir ánægju sinni með þá ákvörðun forseta Íslands að stofna Íslensku menntaverðlaunin og telur þau hvatningu fyrir skólafólk, kennara, nemendur og aðrar til að efla skólastarf enn frekar.